



### **3. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss**

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 7. október 2015 kl. 18:15.

---

**Mætt eru:** Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Jóhann Helgi Konráðsson (JHK), Viktor S. Pálsson, (VSP), Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson (ÞRÁ) varamaður Lúðvíks Magnúsar Ólasonar, Bergur Pálsson (BP) varamaður Þórdísar Rakelar Hansen, Sigríður Runólfsdóttir (SR) og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

**Forföll boðuðu:** Sverrir Einarsson. Hjalti Þorvarðarson og Óskar Sigurðsson.

**Fjarverandi voru:** Axel Sigurðsson og Ófeigur Ágúst Leifsson.

#### **1. Fundargerð aðalstjórnar**

- 2. fundargerð aðalstjórnar frá 9. september 2015 samþykkt.

#### **2. Fundargerð framkvæmdastjórnar**

- 5. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 28. september 2015 til umræðu.

#### **3. Reglugerðir**

- Tillaga framkvæmdastjórnar um breytingu á reglugerð um Afreks- og styrktarsjóð kynnt. Tillagan var samþykkt með smávægilegri breytingu.
- Tillaga um breytingu á reglugerð um styrk vegna starfsmanns deilda kynnt í aðalstjórn. Tillagan var samþykkt með smávægilegri breytingu.

#### **4. Þorablót 2016**

- Aðalstjórn lýsir vilja sínum til að halda þorablót Umf. Selfoss í samstarfi allra deilda. Framkvæmdastjóra falið að leita eftir tilboði í hljóð og mynd ásamt því að setja saman kostnaðaráætlun. Nokkur umræða varð um miðaverð á blótið.
- Framkvæmdastjórn falið að vinna málið áfram að næsta fundi aðalstjórnar.

#### **5. Sjónvarp Selfoss (SelfossTV)**

- Fram kom að kostnaður vegna tækjabúnaðar er kr. 460 þúsund sem yrði greitt af aðalstjórn.

- Nokkur umræða varð um mismunandi möguleika deilda til að nýta búnaðinn. Að lokum var framkvæmdastjórnar falið að taka afstöðu á næsta fundi sínum að fenginni umsögn deilda.

## **6. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg**

- Sagt var frá fundi formanns og framkvæmdastjóra með íþrótta- og menningarfulltrúa þar sem lagðar voru fram óskir Umf. Selfoss varðandi endurnýjun á samningum félagsins og sveitarfélagsins.
- Kynningarfundur fyrir bæjarfulltrúa á starfsemi Umf. Selfoss er fyrirhugaður þriðjudaginn 20. október kl. 20:00 í Tíbrá.

**Fundi slitið klukkan 19:38.**

***Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 4. nóvember 2015 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.***

### **Fundir aðalstjórnar starfsárið 2015-2016:**

Miðvikudaginn 2. desember 2015 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 13. janúar 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 3. febrúar 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 2. mars 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 6. apríl 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.